

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Grensásvegur 12 og 14.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. apríl 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 12 við Grensásveg. Í breytingunni felst m.a. heimild til að breyta notkun bakhúss Grensásvegar 12a, innrétta þar 9 íbúðir og lóðir Grensásvegar 12 og 12a eru skilgreindar m.t.t. garða, sérafnotahlutunar, veranda og bílastæða-fyrirkomulags. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Naustareitur, reitur 1.132.1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 11. maí 2018, breytingu á deiliskipulagi á Naustareit. Í breytingunni felst að heimilt er að gera torg á borgarlandi og prýða það gróðri. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Langholtsvegur 49.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 25. maí 2018, breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðarinnar nr. 49 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að byggingarreitur A færir og stækkar til suðurs að lóðarmörkum Langholtsvegar 51. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vesturlandsvegur-Hallar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 2. maí 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags vegna Vesturlandsvegar-Halla. Í breytingunni felst að endurskoða/breyta bílastæðaskilmálum fyrir svæðið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 1. júní 2018.*

**Björn Axelsson.**